

Fimmtudaginn 29. maí 1997.

Nr. 89/1997.

Ákærvaldið(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn**Þórði Pétri Péturssyni**

(Örn Clausen hrl.)

Umferðarlög. Akstur án réttinda. Fíkniefni. Reynslulausn. Sérálit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnlaugur Claessen og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur af hálfu ákærvaldsins áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. febrúar 1997. Þess er krafist, að refsing ákærða verði þyngd og ákvörðuð í einu lagi á grundvelli skilorðsrofa til viðbótar óafplánuðum eftirstöðvum 277 daga refsingar samkvæmt reynslulausn frá 27. september 1995.

Ákærði krefst aðallega vægustu refsingar, sem lög leyfa, og að hún verði skilorðsbundin. Til vara krefst hann staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing verði dæmd í einu lagi, en skilorð reynslulausnar látið haldast á óafplánaðri refsingu. Til þrautavara krefst hann, að refsing verði skilorðsbundin að hluta.

Með héraðsdómi 3. febrúar sl. var ákærði dæmdur í 60 daga fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 48. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en þetta var í fjórða sinn, sem hann var dæmdur fyrir að hafa ekið réttindalaus. Jafnframt var hann dæmdur til greiðslu 35.000 króna sektar fyrir að hafa fíkniefni í fórum sínum. Þá var honum gert að sæta upptöku á 2,9 grömmum af hassi. Síðastnefnda attriðið er ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti. Í héraðsdómi var reynslulausn frá 27. september 1995 af 277 daga fangelsisrefsingu látin haldast.

Ríkissaksóknari telur, að með því að brot ákærða í þessu máli var talið valda fangelsisrefsingu, hafi héraðsdómari ekki átt að ákvarða refsingu með þeim hætti að láta reynslulausn af óafplánuðum eftirstöðvum refsivistar haldast með heimild í 1. mgr. 42. gr., sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 42/1985 og nr. 20/1981.

Samkvæmt tilgreindum ákvæðum almennra hegningarlaga þykir

rétt að taka upp reynslulausn þá, sem ákærði fékk 27. september 1995 á 277 daga fangelsisrefsingu. Ákveða ber þá nýja refsingu að teknu tilliti til þess brots, sem ákærði játaði samkvæmt héraðsdómi, með tilvísun til 77. gr. almennra hegningarlaga. Í umferðarlögum er ekki heimild fyrir aukinni refsingu á grundvelli beinna ítrekunaráhrifa. Hins vegar ber að vísa til 5. og 6. tl. 70. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar. Framar þessu þykir ekki ástæða til að hrófla við ákvörðun héraðsdómara um fangelsisrefsingu ákærða. Ákærði skal því sæta 337 daga fangelsi. Í samræmi við þessa niðurstöðu er ekki ástæða til að ákvarða honum sektarrefsingu.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óbreytt.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Hjörtur Torfason hæstaréttardómari gerir þá athugasemd með skírskotun til forsendna héraðsdóms, að hann telji, að skilorðsbinda eigi refsinguna að undanskildum 40 dögum.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þórður Pétur Pétursson, sæti 337 daga fangelsi.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, 20.000 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 3. febrúar 1997.

Ár 1997, mánudaginn 3. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hjördísi Hákonardóttur héraðsdómara, kveðinn upp svohljóðandi dómur í sakamálinu nr. 23/1997: Ákærvaldið gegn Þórði Pétri Péturssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. janúar 1997, er höfðað samkvæmt ákæru, út gefinni af lögreglustjóranum í Reykjavík 13. janúar 1997 á hendur ákærða, Þórði Pétri Péturssyni, kt. 011271-4139, Orrahólum 5, Reykjavík, „fyrir að hafa ekið bifreiðinni IV-324, sviptur ökurétti, sunnudaginn 17. nóvember 1996 frá Orrahólum 5 í Reykjavík að Frakkastíg 10 og fyrir að hafa í ofangreint sinn haft í vörslum sínum 2,9 grömm af hassi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr.

50/1987, og 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986 um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna, sbr. reglugerð nr. 177/1986, sbr. auglýsingu nr. 84/1996.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta upp-töku á ofangreindum fíkniefnum, sbr. 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986“.

Af hálfu ákærða er krafist mildustu refsingar.

Farið var með málið samkvæmt 125. gr. laga nr. 19/1991, og var það dóm-tekið, er sækjanda og ákærða hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um viðurlög.

Ákærði var sviptur ökuréttindum ævilangt 15. desember 1992. Hann var staðinn að akstri bifreiðar á Frakkastíg í Reykjavík, svo sem greinir í ákæru, og að hafa rétt fyrir handtöku keypt 2,9 grömm af hassi af manni í húsi nr. 10 við Frakkastíg. Samkvæmt skýrslu lögreglu kvaðst hann ekki neyta fíkniefna að staðaldri og kvað hér hafa verið um einstakt tilvik að ræða.

Með skýlausri játningu ákærða þykir sannað, að hann hafi framið brot það, sem honum er gefið að sök. Er játning hans í samræmi við önnur gögn málsins, og er brotið réttilega fært til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði hefur fjórum sinnum áður gerst brotlegur við 1. mgr. 48. gr. um-ferðarlaga nr. 50/1987. Í fyrsta sinn 14. maí 1992 er hann dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir brot gegn umferðarlögum, m. a. 1. mgr. 48. gr., og jafnframt sviptur ökuréttindum ævilangt. Í annað sinn 4. nóvember s. á. er hann dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir umferðarlagabrot, m. a. brot gegn 1. mgr. 48. gr., og fyrir brot gegn 244. gr. alm. hgl. Í þriðja sinn 27. maí 1994 er honum dæmt fangelsi í 45 daga fyrir brot gegn 1. mgr. 48. gr. umfl., og loks 26. ágúst s. á. fangelsi fyrir sama brot í 30 daga, og var hér um hegn-ingarauka að ræða. Auk þessa hefur hann á árunum 1994 og 1995 verið dæmdur í óskilorðsbundið fangelsi samtals í 16 mánuði fyrir brot gegn 244. gr. alm. hgl., sbr. einnig 20. gr. sömu laga. Hann hlaut reynslulausn 27. sept-ember 1995 á eftirstöðvum refsingar, 277 dögum, skilorðsbundið í tvö ár. Framangreindir tveir dómar frá árinu 1992 og dómur frá maí 1994 hafa hér ítrekunaráhrif.

Þegar litið er til eðlis brots þessa, þykir mega dæma mál þetta sérstaklega samkvæmt heimild í 60. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 20/1981 og 7. gr. laga nr. 22/1955, en láta reynslulausn frá 27. september 1995 haldast. Ákærði hefur talsverðan sakaferil, en kveðst nú vera í vinnu og vera að reyna að standa sig. Þar sem um fjórða dæmt brot gegn 1. mgr. 48. gr. umfl.

er að ræða, skal ákærða gerð sú refsing, að hann sæti fangelsi í 60 daga. Ákærði hefur ekki áður verið dæmdur fyrir fíkniefnabrot. Þegar höfð er hliðsjón af því, skal ákærða gert að greiða 35.000 kr. í sekt til ríkissjóðs. Verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, skal koma í staðinn tíu dag varðhald. Hann skal sæta upptöku á 2,9 grömmum af hassi.

Ákærði skal greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þórður Pétur Pétursson, skal greiða 35.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Hann skal enn fremur sæta fangelsi í 60 daga.

Ákærði skal sæta upptöku á 2,9 grömmum af hassi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.
